



Eftirlitsáætlun um flutning úrgangs milli landa 2018 - 2020

1. Tilgangur og markmið

Virkt eftirlit með flutningi úrgangs á milli landa er mikilvægt skref í að tryggja rétta meðhöndlun á þeim úrgangi sem fellur til í hverju landi fyrir sig og tryggja að með flutningnum sé ekki verið að flytja vandamál sem fylgja úrgangsmeðhöndlun til annarra landa. Um leið veitir eftirlitið úrgangsmeðhöndlunaraðilum aukið aðhald með það að markmiði að aðilar í iðnaðinum geri sér fulla grein fyrir þeirra ábyrgð. Þar sem þetta verður í fyrsta skipti sem sértækt eftirlit verður með málaflokknum eru töluleg markmið ekki sett fram á fyrsta eftirlitstímabili.

Tilgangur eftirlitsáætlunar um flutning úrgangs milli landa er fyrst og fremst að tryggja eftirfylgni reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs sem var innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 660/2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs, var svo aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum EES gert að sinna virku eftirliti með flutningi. Í breytingarreglugerðinni kemur fram að eftirlitið skuli fylgja eftirlitsáætlunum hver lands fyrir sig þar sem sett er niður skipulag eftirlits til þriggja ára í senn.

Markmið eftirlitsins er að enginn ólöglegur flutningur úrgangs eigi sér stað til/frá Íslandi.

2. Landfræðilegt umfang

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar 822/2010 um flutnings úrgangs á milli landa *er einungis heimilt að flytja inn úrgang eða flytja út úrgang um tollhafnir, sbr. tollalög nr. 88/2005*. Í samræmi við þetta og legu Íslands mun eftirlit með flutningi úrgangs einblína á gámaflutninga um tollhafnir.

3. Forgangsröðun og áhættumat

Forgangsröðun eftirlits var ákveðin út frá magnupplýsingum frá Tollstjóra yfir 5 ára tímabil (2012 – 2016) þar sem skoðaður var útflutningur á úrgangi, innflutningur á úrgangi og útflutningur á vöru sem gæti átt að skilgreina sem úrgang. Einnig var skoðaður leyfisskyldur flutningur úrgangs sem er á ábyrgð Umhverfisstofnunar. Áhættumat var gert til að skilgreina þá úrgangsflokka sem eðlilegast væri að leggja áherslu á yfir þriggja ára tímabil út frá þessum upplýsingum. Áhættumatið tók mið af leiðbeiningum Evrópunets fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL) auk þess sem tekið var tillit til þekkingu sérfræðinga Umhverfisstofnunar á úrgangsmarkaðnum. Öll vinna miðaði að því að á meðan á eftirlitstímanum stendur verði haft eftirlit með fimm kvöðum sem eru kjarninn í áætlunargerðinni sjálfri og virku eftirliti næstu ára. Kvaðirnar eru:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa
- Skylt er að tilkynna inn- og útflutning spilliefna og úrgangs sem fer til förgunar
- Úrgangi sem fluttur er úr landi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Úrgangi sem fluttur er til landsins til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

4. Skipulag eftirlits

Framkvæmd og skipulag eftirlits er sett fram í framkvæmdaráætlun sem Umhverfisstofnun setur saman fyrir hvert ár eftirlitstímabilsins. Framkvæmdaráætlunin er vinnuskjal stofnunarinnar. Í lok hvers árs er tekin saman skýrsla um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður sem verður birt á heimasíðu stofnunarinnar. Framkvæmdaráætlunin byggir að mestu á upplýsingum frá Tollstjóra sem lýst er hér.

4.1. Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa

Samkvæmt 2.kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa. Alls hafa 42 ríki samþykkt ákvörðunina og heldur Umhverfisstofnun utan um lista af þessum ríkjum sem byggir á upplýsingum frá breskum yfirvöldum.

Til að leggja mat á þennan flutning voru útflutningsupplýsingar greindar með tilliti til viðtökulands. Greining leiddi í ljós að á árunum 2012 – 2016 voru um 57 sendingar af úrgangi sendar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD. Sendingarnar féllu undir eftirfarandi tollflokk:

Tollskrárnúmer	Úrgangur	Fjöldi sendinga	kg
3915 1000	Úrgangur, afklippur og rusl, úr plasti	42	2.380.454
3915 9000	Úrgangur, afklippur og rusl, úr plasti	5	160.301
4707 9000	Endurheimtur pappír eða pappi (úrgangur og rusl)	4	295.952
7602 0000	Álúrgangur og árlrusl	1	20.140
7902 0000	Sinkúrgangur og rusl	2	3.150
8548 1000	Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl	3	21.002
		Samtals	57 2.880.999

Eftirlit með þessum lið mun vera unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem Tollstjóri sendir Umhverfisstofnun.

4.2. Skytt er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar

Umhverfisstofnun sér um leyfisveitingu vegna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006. Leyfi eru yfirleitt gefin út til eins árs í senn og getur fjöldi sendinga undir hverju leyfi verið á bilinu 1 – 200.

Áður en sending er send úr landi ber leyfishöfum að upplýsa Umhverfisstofnun um dagsetningu útflutnings að minnsta kosti 3 dögum áður en sendingin fer úr landi. Í eftirlitinu verður skoðað sérstaklega hvort innihalds gáma sé í samræmi við flokkun á leyfum.

4.3. Úrgangi sem fluttur er úr landi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Til að leggja mat á útflutning úrgangs voru útflutningsupplýsingar greindar með tilliti til tollskrárnúmera. Samkvæmt reglugerð 1013/2006 á Annex VII að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20kg sem fluttur er til endurnýtingar.

Á árunum 2012 – 2016 voru samtals 4.160 sendingar sem gætu innihaldið úrgang sendar úr landi sem vigtuðu alls rúmlega 200 þúsund tonn. Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra liggja upplýsingar um sendingar sjaldnast fyrir fyrr en sending er komin úr landi og því ekki framkvæmanlegt að svo stöddu að Umhverfisstofnun fái Annex VII áður en sendingar fara úr landi.

Tollskrárnúmer	Útflutningur úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3825	Úrgangsefni kemíks og skylds iðnaðar	1	820
3915	Plastúrgangur	1010	26.455.979
4004	Úrgangur úr gúmmíi	117	3.479.167
4017.0009	Úrgangur úr harðgúmmíi	10	25.130
4707.9000	Endurheimtur pappír eða pappi	775	88.324.698
7112	Úrgangur úr góðmálnum	184	431
7204	Járnúrgangur	224	6.223.376
7404	Koparúrgangur	326	1.481.105
7503	Nikkelúrgangur	0	0
7602	Álúrgangur	1081	67.765.112
7802	Blyúrgangur	149	59.188
7902	Sinkúrgangur	29	251.439
8002	Tinúrgangur	0	0
8107.3000	Kadmíumúrgangur	0	0
8548.1000	Rafhlöður og rafgeymar	254	6.527.555
Samtals		4160	200.593.930

Eftirlit með þessum lið mun vera unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem Tollstjóri sendir Umhverfisstofnun.

4.4. Úrgangi sem fluttur er til landsins til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Til að leggja mat á innflutning úrgangs voru útflutningsupplýsingar greindar með tilliti til tollskrárnúmera. Samkvæmt reglugerð 1013/2006 á Annex VII á að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20kg sem fluttur er til endurnýtingar.

Á árunum 2012 – 2016 voru samtals 565 sendingar sem innihéldu úrgang fluttar til landsins sem vigtuðu alls tæplega 7 þúsund tonn. Flestar sendingar voru undir tollnúmeri 4017.0009 Úrgangur úr harðgúmmí en járnúrgangur óþó þyngst.

Tollskrárnúmer	Innflutningur úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3825	Úrgangsefni kemíks og skylds iðnaðar	6	14.157
3915	Plastúrgangur	95	374.349
4004	Úrgangur úr gúmmíi	64	1.775.758
4017.0009	Úrgangur úr harðgúmmíi	179	13.358
4707	Endurheimtur pappír eða pappi	3	13
7112	Úrgangur úr góðmálum	35	624
7204	Járnúrgangur	23	4.696.466
7404	Koparúrgangur	22	57.057
7503	Nikkelúrgangur	0	0
7602	Álúrgangur	5	52
7802	Blýúrgangur	3	3
7902	Sinkúrgangur	0	0
8002	Tinúrgangur	1	1
8107.3000	Kadmíumúrgangur	0	0
8548.1000	Rafhlöður og rafgeymar	129	27.727
Samtals		565	6.932.274

Eftirlit með þessum lið mun vera á ábyrgð Tollstjóra á fyrsta eftirlitstímabili.

4.5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Til greiningar á tilvikum þar sem úrgangur er fluttur milli landa sem vara óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um útflutning á vöru sem flokkaðist undir Plast (kafli 39), Pappír og pappi (kafli 48), Góðmálmar (kafli 71), Ódýrir málmar (kafli 72), Rafbúnaður og tæki (kafli 85), Ökutæki (kafli 87) og Skip (kafli 89). Haft verður eftirlit með ákveðnum tollanúmerum þar sem fjöldi sendinga var hár, magn útflutnings mikið eða þar sem stofnunin taldi þörf á eftirliti.

Vara til útflutnings	Fjöldi sendinga	kg
39.kafli - Plast	9610	13.491.808
48.kafli - Pappír og pappi	1392	5.925.257
71. & 72.kafli - Góðmálmar og ódýrir málmar	3937	813.462.769
85.kafli - Raftæki og rafhlöður	12438	397.528
87.kafli - Ökutæki	1077	5.005.894
89.kafli - Skip	305	17.234.532

Eftirlit með þessum lið mun vera unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem Tollstjóri sendir Umhverfisstofnun.

5. Ábyrgð samstarfsaðila

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á verkefninu í heild sinni en eftirlit með innflutningi á úrgangi er í höndum Tollstjóra. Tollstjóri ber einnig ábyrgð á að veita Umhverfisstofnun reglulega upplýsingar um inn- og útflutning í samræmi við beiðni stofnunarinnar um gagnaskil.

6. Fyrirkomulag samráðs

Eftirlitið verður framkvæmt í samráði við helstu úrgangsmeðhöndlunaraðila. Í byrjun eftirlitstímabils mun vera haldinn upplýsingafundur þar sem farið verður yfir skyldur fyrirtækja og framsetningu Annex VII. Þar gefst einnig tækifæri til að koma með athugasemdir eða spurningar um eftirlitið og framkvæmd þess.

7. Þjálfun skoðunarmanna

Áætlun liggur ekki fyrir um þjálfun skoðunarmanna. Í þeim tilfellum þar sem eftirlit krefst gámaskoðanna mun það vera framkvæmt í samráði við farverndarfulltrúa tiltekins fyrirtækis.


8. Mannauður, fjármagn og önnur tilföng

Verkefnið er í höndum Umhverfisstofnunar og fær stofnunin framlag úr ríkissjóði í gegnum fjárlög til að sinna eftirliti.

9. Niðurstöður

Niðurstöður eftirlits verða gefnar út fyrir hvert eftirlitsár, fyrsta skýrslan í byrjun árs 2019 fyrir eftirlitsárið 2018. Þar mun koma fram umfang eftirlits ársins, fjöldi frávika og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirliti. Þar munu einnig vera settar fram tillögur til umbóta á framkvæmd eftirlitsins sem tekið verður tillit til í framkvæmdaráætlun næsta árs.

Reykjavík 20. apríl 2018


Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar